

Hafnarfjarðarbær  
b/t Gunnþóra Guðmundsdóttir  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 18. júlí 2019  
UST201907-018/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Breyting - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013 – 2025 - Ásvellir**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar er barst 2. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar er nær til Ásvalla í Hafnarfirði.

Í greinargerð kemur fram að breytingin fellst í því að lóðarskiki á íþróttasvæði Hauka sem er skilgreint sem íþróttasvæði verður breytt í íbúðarsvæði.

#### **Umhverfisáhrif**

Í greinargerð kemur fram að helstu einkenni eru nálægð við náttúrusvæði til suður hraunbreiður og gróið land.

Umhverfisstofnun telur að hraunið á svæðinu falli undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun jarðminja sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð kemur fram við mótun tillögunnar verður stillt upp mismunandi valkostum um gerð og magn húsnæðis og áhrif þeirra könnuð. Umhverfisstofnun tekur undir þær áherslu með hliðsjón af verndarstöðu jarðminja.

#### **Ástjörn**

Umhverfisstofnun bendir á að skipulagstillagan liggar næri Ástjörn og Ásfjall sem var friðlýst sem fólkvangur árið 1996. Fólkvangurinn umlykur friðland Ástjarnar en Ástjörn og svæðið umhverfis hana var friðlýst árið 1978. Tjörnin og svæðið umhverfis hana einkennist af mjög auðugu gróður- og dýralífi. Í tjörninni er mikið smádýralíf sem er þó

litt rannsakað. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að lífríki Ástjarnar verði ekki raskað við uppbyggingu íbúasvæðis og gert sé grein fyrir þessu í breytingu aðalskipulags.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um í tillögunni hvort framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif á hinu friðlýstu svæðin. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði. Um aðra starfsemi og framkvæmdir gildir aðgæsluskylda skv. 6. gr.*“



Agnar Bragi Bragason  
teymisstjóri

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur